

Ed.

388. Frumvarp til lánsfjárlaga

[245. mál]

fyrir árið 1985.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

I. KAFLI

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1985 að fjárhæð allt að 2 489 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga og fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar fyrir árið 1985.

3. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1985 að fjárhæð allt að 1 200 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til fjármögnunar á raforkuframkvæmdum fyrirtækisins. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 við þessar lántökur og teljast lán sem Landsvirkjun er heimilt að taka samkvæmt þeirri grein án samþykkis eignaraðila hluti af ofangreindri fjárhæð.

4. gr.

Þróunarfélagi sem stofnsett verður er heimilt að taka lán á árinu 1985 að fjárhæð allt að 500 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til eflingar nýjungum í atvinnulífínu.

5. gr.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að taka lán á árinu 1985 að fjárhæð allt að 40 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til fjármögnunar á hitaveitu- og raforkuframkvæmdum.

6. gr.

Heimild er til lántöku vegna framkvæmda og skuldbreytingar hitaveitna sem hér segir:

1. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, lán á árinu 1985 að fjárhæð 65 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Fjarhitun Vestmannaeyja, lán á árinu 1985 að fjárhæð 82 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Hitaveita Rangæinga, lán á árinu 1985 að fjárhæð 6 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

7. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka erlent lán á árinu 1985 að fjárhæð 942 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

8. gr.

Iðnþróunarsjóði er heimilt að taka lán á árinu 1985 að fjárhæð 50 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

9. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða taka lán, er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum sem nefndir eru í 3., 4., 5. og 6. gr., með þeim kjörum sem og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður.

II. KAFLI

10. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 27. gr. laga nr. 97/1976 um Framkvæmdastofnun ríkisins skal framlag ríkissjóðs til Bygðasjóðs eigi fara fram úr 78 500 þús. kr. á árinu 1985. Að auki er Bygðasjóði ætluð lántaka að fjárhæð allt að 120 000 þús. kr.

11. gr.

Þrátt fyrir 1. tl. 5. gr. laga nr. 94/1984, um kvikmyndamál, skal framlag ríkissjóðs til Kvikmyndasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 8 000 m. kr. á árinu 1985.

12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 3. tl. 4. gr. laga nr. 45/1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. 1. gr. laga nr. 68/1973, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins ekki nema hærri fjárhæð en 30 800 þús. kr. á árinu 1985 og er framlagið vegna Lífeyrissjóðs bænda, en skv. lögum nr. 101/1970 skal Stofnlánadeild landbúnaðarins standa undir 37% lífeyrisgreiðslna til ársloka 1985.

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c- og d-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976 um Fiskveiðasjóð Íslands og ákvæði laga nr. 52/1983 um útflutningsgjald af sjávarafurðum skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs Íslands falla niður á árinu 1985.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 9. gr. laga nr. 51/1983 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, sbr. ákvæði laga nr. 52/1983 um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal framlag ríkissjóðs falla niður á árinu 1985.

15. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972 um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 19 800 þús. kr. á árinu 1985.

16. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 35. gr. laga nr. 41/1983 um málefni fatlaðra skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs fatlaðra eigi fara fram úr 40 000 þús. kr. á árinu 1985.

17. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 2. gr. laga nr. 34/1979 um Veðdeild Búnaðarbanka Íslands skal framlag ríkissjóðs til Veðdeildar Búnaðarbanka Íslands falla niður á árinu 1985.

18. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. tl. 31. gr. hafnalaga nr. 69/1984 skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs eigi fara fram úr 10 000 þús. kr. á árinu 1985.

19. gr.

Prátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 60/1979 skal einungis þeirri fjárhæð sem áætluð er í 4. gr. fjárlaga 1985 varið til reksturs Rafmagnseftirlitsins en það sem umfram innheimtist skal renna í ríkissjóð.

20. gr.

Prátt fyrir 8. gr. laga nr. 60/1976 um skipulag ferðamála skal ráðstöfunarfé til ferðamála af sérstöku gjaldi samkvæmt fyrrgreindri lagagrein eigi fara fram úr 8 500 þús. kr. á árinu 1985. Framlag úr ríkissjóði skv. 25. gr. laga nr. 60/1976 til Ferðamálasjóðs skal falla niður á árinu 1985.

21. gr.

Prátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 58/1970 um skemmtanaskatt skal framlag ríkissjóðs til Félagsheimilásjóðs ekki fara fram úr 7 000 þús. kr. á árinu 1985.

22. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. mgr. 32. gr. vegalaga nr. 6/1977 skal framlag til þjóðvega í kaupstöðum og kaupúnum eigi fara fram úr 96 000 þús. kr. á árinu 1985.

23. gr.

Prátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga og ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum skulu greiðslur úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af söluskattstekjum á árinu 1985 eigi nema hærri fjárhæð en 635 000 þús. kr.

III. KAFLI

24. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum.

Landsvirkjun er heimilt að taka erlend lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 þannig að fari samanlögð fjárhæð lána samkvæmt þessari grein og 3. gr. laga þessara fram úr 5% af höfuðstóli skal leitað samþykkis eignaraðila.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið felur í sér lántökuheimild fyrir ríkissjóð á árinu 1985 auk heimildar til Framkvæmdasjóðs Íslands, fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs og sveitarfélaga. Í frumvarpinu eru breytingar á lögum fjárfestingarlánasjóða og ákvæði um hámarksframlög til nokkurra verkefna í samræmi við markaða stefnu í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1985.

Um 1. og 2. gr.

Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1985 kemur fram að heildarlánsfjárbörf A- og B-hluta ríkissjóðs nemur 3 299 000 þús. kr. Í 6. gr. frumvarps til fjárlaga er leitað heimilda til innlestrar spariskírteinaútgáfu ríkissjóðs að fjárhæð alls 350 000 þús. kr. og annarrar innlestrar fjáröflunar að fjárhæð kr. 200 000 þús. kr., sbr. lög nr. 79/1983 um innlenda fjáröflun. Út af breyttum horfum um innlenda fjáröflun er leitað heimildar við afgreiðslu fjárlaga til hækkunar þessarar fjárhæðar í alls 600 000 þús. kr. Auk þess hefur lánum Endurlánareiknings ríkissjóðs verið skuldbreytt. Við það frestast greiðsla af erlendum lánum er nemur alls 180 000 þús. kr. Erlend lán A- og B-hluta nema því alls 2 519 000 þús. kr. Í lögum nr. 32/1981 um lagningu sjálfvirks síma í sveitum er heimild til erlendra lántöku til þess verkefnis. Þessi lántaka er áætluð 30 000 þús. kr. á árinu 1985. Því er í 1. gr. frumvarpsins leitað heimildar til 2 489 000 þús. kr. lántöku á erlendum lánsfjármarkaði. Í fjárlagafrumvarpi og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1985 er greint frá ráðstöfun lánsfjárins, auk þess vísast til fylgiskjals I og II með þessu frumvarpi, þar sem sýnd er ráðstöfun fjárins eftir verkefnum.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að lántökur Landsvirkjunar til fjármögnunar á raforkuframkvæmdum nemi alls 1 200 000 þús. kr. á árinu 1985. Fyrirhugað er að verja lánsfénu til framkvæmda við Blönduvirkjun, Kvíslaveitur o. fl. Við þessar lántökur verði gætt ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 um fyrirtækið, en þar segir: „Landsvirkjun er heimilt að taka lán til þarfa fyrirtækisins og að taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum í sama skyni. Að því leyti sem nýjar skuldbindingar og ábyrgðir fara fram úr 5% af höfuðstól (bókfærðu eigin fé í lok næstliðins árs) á ári hverju, þarf Landsvirkjun að leita samþykkis eignaraðila. Af hálfu ríkisins þurfa iðnaðar- og fjármálaráðherra að staðfesta slíkt samþykki.“

Um 4. gr.

Fyrirhuguð er stofnun félags til eflingar innlendu atvinnulífi, þróunarstarfi og rannsókn- um. Unnið er að tillögu um starfsemi þessa en ráðgert er að veita félaginu heimild til 500 000 þús. kr. lántöku 1985, en auk þess er í fjárlagafrumvarpi ársins 1985 áætlað fyrir 50 000 þús. kr. hlutafjárframlagi verði um hlutafélag að ræða.

Um 5. gr.

Fyrirhugaðar lántökur Orkubús Vestfjarða til raforku- og hitaveituframkvæmda nema alls 40 000 þús. kr. á árinu 1985.

Um 6. gr.

Erlend lánsfjáröflun hitaveitna er áformuð alls 153 000 þús. kr. og skiptist hún þannig að 65 000 þús. kr. renna til Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, 82 000 þús. kr. til Fjarhitunar Vestmannaeyja og 6 000 þús. kr. til Hitaveitu Rangæinga. Lánsfénu verður aðallega ráðstafað til framlengingar eldri lána og minni háttar framkvæmda.

Um 7. gr.

Lánveitingar Framkvæmdasjóðs Íslands eru fyrirhugaðar alls 1 582 000 þús. kr. á árinu 1985. Ráðgert er að fjárbörf sjóðsins verði mætt af eigin fé með 290 000 þús. kr., 200 000 þús. kr. verði fengnar að láni hjá bankakerfinu og skuldabréfakaup lífeyrissjóða nemi 150 000 þús. kr. Að auki nemur heimild til erlendra lántöku Framkvæmdasjóðs Íslands samkvæmt þessari grein 942 000 þús. kr.

Um 8. gr.

Heildarlánveitingar Iðnþróunarsjóðs á árinu 1985 eru áætlaðar um 225 000 þús. kr. Fyrirhugað er að lánveitingum sjóðsins verði mætt með 175 000 þús. kr. af eigin ráðstöfunarfé hans og heimiluð verði erlend lántaka að fjárhæð 50 000 þús. kr.

Um 9. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um 10.—22. gr.

Í samræmi við markaða stefnu í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1985, um skerðingu lögboðinna framlaga, er nauðsynlegt að ákvæðum hlutaðeigandi laga sé breytt.

Um 23. gr.

Í ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum frá í maí s. l. voru greiðslur ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af söluskattstekjum bundnar við eigi hærri fjárhæð en 495 000 þús. kr. árið 1984. Með þessari grein eru þessar greiðslur einnig skertar á árinu 1985 og settar að hámarki 635 000 þús. kr. Þessi ráðstöfun felur í sér 38 000 þús. kr. lækkun á greiðslum frá lögbundnu framlagi.

Um 24. gr.

Vegna ástands á erlendum fjármagnsmörkuðum hefur yfirleitt ekki verið vól á erlendum lánum til nægilega langs tíma miðað við eðlilegan afskiftatíma þeirra framkvæmda sem með þeim hafa verið fjármagnaðar. Veldur þetta örum afborgunum og þungri greiðslubyrði á næstu árum. Sérstaklega hefur þetta komið illa niður á ýmsum orkufyrirtækjum með langan afskriftatíma. Á grundvelli sams konar heimildar og hér er leitað var nýlega skuldbreytt erlendu láni Endurlánasjóðs ríkissjóðs frá árinu 1979. Það lán sem hér um ræðir var tekið 1979 og nam USD 50 m. Skuldbreytingin felur í sér að afborganir af láninu frestast um 5 ár, en afborgun á árinu 1985 hefði ella numið 180 000 þús. kr.

Fylgiskjal I.

Heildaryfirlit um innendar og erlendar lántökur 1985 (millj. kr.)

	Sala- spari- skírteina	Verðbréfa- kaup bankanna	Lífeyris- sjóðir	Önnur innlend fjáröflun	Erlend lán	Heildar- lántökur
I Opinberir aðilar	400	—	—	380	4 322	5 102
Ríkissjóður, A-hluti	400	—	—	200	1 261	1 861
Ríkissjóður, B-hluti	—	—	—	180	1 108	1 288
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs ..	—	—	—	—	1 800	1 800
Sveitarfélög	—	—	—	—	153	153
II Húsbýggingarsjóðir	—	—	1 220	188	150	1 558
Byggingarsjóður ríkisins	—	—	875	188	150	1 213
Byggingarsjóður verkamanna	—	—	345	—	—	345
III Lánastofnanir	—	200	180	—	992	1 372
Framkvæmdasjóður	—	200	150	—	942	1 292
Iðnþróunarsjóður	—	—	—	—	50	50
Stofnlánadeild landbúnaðarins	—	—	30	—	—	30
IV Atvinnufyrirtæki	—	—	—	—	1 836	1 836
Ósundurliðað	—	—	—	—	1 836	1 836
Heildarfjárförf (I—IV)	400	200	1 400	568	7 300	9 868

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Fylgiskjal II.

Lánsfjárförð opinberra aðila samkvæmt endurskoðun ríkisfjármála 1984 og lánsfjáráætlun 1985 (millj. kr.)

	Endurskoðuð áætlun 1984	Lánsfjáráætlun 1985
1. Ríkissjóður, A- og B-hluti	2 725	3 299
1.1 A-hluti	1 410	1 861
1.2 B-hluti	1 315	1 438
Bygðasjóður	120	120
Bjargráðasjóður	60	—
Byggingarsjóður ríkisins	190	—
Byggingarsjóður ríkisins v/orkusparnaðar	—	150
Landakaup kaupstaða og kauptúna	1	—
Byggingarsjóður rannsóknna í þágu atvinnuveganna	14	—
Lánasjóður íslenskra námsmanna	258	340
RARÍK, almennar framkvæmdir	168	175
Kröfluvirkjun, fjármagnsútgjöld	358	500
Orkusjóður, hitaveitulán	10	10
Orkusjóður, jarðhitaleit	10	10
Orkusjóður, sveitarafvæðing	7	—
Póstur og sími, sjálfvirkur sími	30	30 ¹⁾
Umferðarmiðstöð	—	3
Flugstöð á Keflavíkurlugvelli	89	100
2. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	1 064	1 800
Landsvirkjun	900	1 200
Orkubú Vestfjarða, framkvæmdir	30	40
Steinullarverksmiðja	80	60 ²⁾
Sjóefnavinnsla á Reykjanesi	45	—
Grænfóðurverksmiðja í Skagafirði	9	—
Iðnþróunarfélag	—	500
3. Sveitarfélög	343	153
Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar	22	65
Fjarhitun Vestmannaeyja	—	82
Hitaveita Akureyrar	89	—
Hitaveita Rangæinga	11	6
Hitaveita Kjalarness	25	—
Hitaveita Selfoss og Eyra	46	—
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	150	—
4. Ráðstöfun (1+2+3) = fjáröflun (5+6)	4 132	5 252
5. Innlend fjáröflun	230	780
Útgáfa spariskírteina	260	400
Innheimta umfram innlausn af endurlánuðu spariskírteinafé	-220	—
Verðbréfakaup lífeyrissjóða	120	—
Skuldbreyting Endurlána ríkissjóðs	—	180
Önnur fjáröflun	70	200
6. Erlend lán	3 902	4 472
Ríkissjóður, A- og B-hluti	2 495	2 519
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	1 064	1 800
Sveitarfélög	343	153

¹⁾ Lántökuheimild er í lögum nr. 32/1981 um lagningu sjálfvirkis síma.

²⁾ Lántökuheimild er í lögum nr. 61/1981 um steinullarverksmiðju.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.